

25. fundur vinnuhóps um framkvæmdir við Flóaskóla haldinn í Flóaskóla 19. ágúst 2010.

Mættir:

Aðalsteinn Sveinsson sem ritaði fundargerð

Guðmundur Jón Sigurðsson

Kristín Sigurðardóttir

Steindór Guðmundsson

Einnig mættur Gestur Már Þrínsson fyrir hönd Smíðanda.

Farið var yfir stöðu verksins frá síðasta fundi. Reiknað er með að öll raflagnavinna klárast á morgun. Farið verður í uppsetningu á tölvum á laugardag.

Búið er að setja upp öll hreinlætistæki og vaska í kennslustofur. Pípulagningamaður á aðeins eftir að tengja vaska í innréttingum sem verið er að setja upp og ætti að klárast fyrir helgi.

Búið er að dúkleggja salernin og byrjað verður í dag að leggja til bráðabirgða, teppi á þau gólf sem þarf til þess að taka skólann nú í notkun.



Verið er að smíða stoðir vegna stigahandriðsins og er stefnt að því að þær verði komnar upp í síðasta lagi á mánudag. Samþykkt að fela Smíðanda að setja á þær plötur til bráðabirgða þar sem gler verður ekki tilbúið fyrir skólabyrjun. Það þarf að klára á þriðjudaginn n.k.

Samþykkt að óska eftir sjálfbóðaliðum meðal íbúa í sveitarfélaginu á þriðjudagskvöldið í næstu viku við að aðstoða við lokaþrif og flutning á húsgögnum í nýbyggingu skólans.

Verið er að athuga með spegla og box fyrir pappírspurrkur og klósettrúllur. Einnig er verið að kanna með og leita tilboða í lásakerfi

Verið er að leggja lokahönd á frágang utanhúss. Samþykkt að bíða með að þökuleggja næst útveggjum þar til klæðning er komin á veggina. Vegna tafa sem orðið hefur á klæðningunni tekur Smíðandi að sér að leggja þökurnar á strax og vinnu við klæðinguna lýkur.

Fyrir liggur verð í merkingu á bílastæðum kr. 1.300,- plús VSK pr. bílastæði. Heildarverð gæti orðið um 100. þús að merkja allt planið. Þ.e. að merkja bílastæði og aksturshringtorg fyrir skólabílana. Samþykkt að láta gera það fyrir skólabyrjun og einnig að athuga með að fá kör eða stólpa framan við útidyr til þess að aðgreina göngupláss og bílaumferð á hlaðinu.

Leggja þarf regnvatnslögnina frá skólanum út í svelg sem getur tekið vatninu. Ljóst er að endurbæta þarf svelgin sem er við rotþróna. Samþykkt að semja við Elías Þráinsson um að framkvæma verkið og ganga þá einnig betur frá svæðinu í hringum rotþróna þannig að hægt verði að rækta það upp. Umfang verksins liggur ekki allveg fyrir en kostnaður gæti verið 300 til 500 þús.

Næsti fundur á mánudagsmorgun 23. ágúst kl 11:00 í Flóaskóla.

Alfredur Sveinsson
KSS
Guðmundur Jónsson
GMP